



Skeljungur

OPINBERT TILBOÐSYFIRLIT
VEGNA YFIRTÖKUTILBOÐS STRENGS HF. TIL
HLUTHAFA SKELJUNGS HF.

6. desember 2020

UMSJÓNARADILAR



Efnisyfirlit

1.	Inngangur	3
2.	Tilboðsskylda	3
3.	Skilmálar tilboðsins	4
4.	Upplýsingar um Skeljung	6
5.	Umsjónaraðilar.....	6
6.	Framtíðaráætlanir	7
7.	Skýrsla stjórnar	8
8.	Samþykki yfirtökutilboðs.....	8
9.	Upplýsingaskylda.....	9
10.	Valdar fjárhagsupplýsingar.....	11
11.	Hlutfé.....	14
12.	Erlendir hluthafar.....	14
13.	Ógilding eða afturköllun tilboðs	15
14.	Breytingar á tilboðsyfirlitinu	15
15.	Ýmislegt.....	15
16.	Lög og lögsaga	16

1. Inngangur

Þetta tilboðsyfirlit inniheldur mikilvægar upplýsingar sem ætti að lesa gaumgæfilega áður en ákvörðun er tekin í tengslum við tilboðið.

Engum aðila er heimilt að veita upplýsingar eða gefa yfirlýsingar í tengslum við þetta tilboð, fyrir hönd tilboðsgjafa, Strengs hf., kt. 411020-1500, Bræðraborgarstíg 16, 101 Reykjavík („tilboðsgjafi“ eða „Strengur“) sem er dótturfélag Strengs ehf., 410920-1230, Bræðraborgarstíg 16, 101 Reykjavík (hér eftir vísað til sem „Strengur Holding“), eða aðila tengdum tilboðsgjafa, aðrar en þær sem eru tilgreindar í þessu tilboðsyfirliti. Ef slíkar upplýsingar eða yfirlýsingar eru veittar eða gefnar, er ekki hægt að reiða sig á þær.

Gerð þessa tilboðs skal ekki undir neinum kringumstæðum túlkast á þann hátt að ekki hafi orðið neinar breytingar á högum tilboðsgjafa eða Skeljungu hf., kt. 590269-1749, Borgartúni 26, 105 Reykjavík (hér eftir vísað til sem „Skeljungur eða „félagið“), frá dagsetningu þessa tilboðsyfirlits eða að þær upplýsingar sem fram koma í þessu tilboðsyfirliti séu réttar, eftir dagsetningu þessa tilboðsyfirlits. Enginn af tilboðsgjafa, aðilum tengdum tilboðsgjafa eða umsjónaraðilum hafa samþykkt að greiða einhver hlunnindi, bætur eða aðrar greiðslur til stjórnar eða stjórnenda Skeljungs í tengslum við þetta tilboð.

Tilboðið, sem lýst er í þessu tilboðsyfirliti, er sett fram á grundvelli tilboðsskyldu tilboðsgjafa samkvæmt lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, með síðari breytingum (hér eftir vísað til sem „vvl.“).

Vakin er athygli hluthafa á því að ef þeir samþykkja tilboð þetta felst í því bindandi og óafturkræft samþykki, nema í þeim tilvikum sem sérstaklega eru tilgreind í þessu tilboðsyfirliti.

2. Tilboðsskylda

Þann 8. nóvember 2020 tilkynntu félögin RES 9 ehf., kt. 590318-0940, Katrinartúni 2, 105 Reykjavík („RES 9“), 365 hf., kt. 480702-2390, Laugavegi 1b, 101 Reykjavík („365“), eða dótturfélag í eigu 365 og RPF ehf. kt. 510108-1160, Skeifunni 17, 108 Reykjavík („RPF“) (sameiginlega nefnd „samstarfsaðilar“) að frá og með 8. nóvember 2020 hafa samstarfsaðilar komið sér saman um samstarf í skilningi 1. og 2. mgr. 100. gr. vvl. er varðar hlutabréf, útgefin af Skeljungu. Síðan 8. nóvember 2020 hafa samstarfsaðilar aukið eignarhlut sinn í Skeljungu lítillega og þeir hlutir koma til viðbótar þeim hlutum sem tilkynnt var um að Strengur hefði til umráða þann 8. nóvember sl.

Samstarfsaðilar hafa lagt eignarhluti sem nefnd félög fara með rétt yfir í Skeljungu til Strengs Holding. Samstarfsaðilar eru hluthafar í félaginu í eftirfarandi eignarhlutföllum:

- RES: 38%
- Dótturfélag 365: 38%
- RPF: 24%

Strengur Holding hefur stofnað dótturfélagið Strengur hf. sem mun halda utan um hluta af eignarhlutum í Skeljungu og telst aðili í samstarfi, sbr. 100. gr. vvl. Strengur er endanlegur tilboðsgjafi en samstarfsaðilar bera óskipta ábyrgð á efdum yfirtökutilboðsins.

Að neðan er að finna nánari upplýsingar um eignarhald samstarfsaðila í Skeljungu, þann dag sem yfirtökutilboð er gert:

- Strengur Holding á samtals 234.716.288 hluti.
- Strengur á samtals 499.400.000 hluti.
- Tengdur aðili, RES II ehf., kt. 470417-0560, á samtals 20.523.290 hluti.

Samkvæmt framangreindu fer Strengur og tengdir aðilar með eignar- og atkvæðisrétt fyrir samtals 754.639.578 hlutum í Skeljungu eða sem samsvarar 38,00% af heildarhlutafé Skeljungs, eða 38,98% af útistandandi hlutum, þegar tekið hefur verið tillit til hluta í eigu Skeljungs sjálfs. Þar sem samstarfsaðilar hafa

sameiginlega eignast meira en 30% atkvæðisrétt í Skeljungu hefur myndast tilboðsskylda í skilningi 1. tölul. 1. mgr. 100. gr. vvl.

Samstarfsaðilum er því skylt að gera öllum öðrum hluthöfum yfirtökutilboð, þ.e. að bjóðast til að kaupa hluti þeirra í Skeljungu, í samræmi við ákvæði 100. gr. vvl.

Strengur gerir öllum hluthöfum Skeljungs yfirtökutilboð (hér nefnt „yfirtökutilboð“ eða „tilboð“) sem lýst er í þessu tilboðsyfirliti („tilboðsyfirlit“).

Tilboðsverðið er kr. 8,315 í reiðufé fyrir hvern hlut í Skeljungu í samræmi við nánari skilmála þessa tilboðsyfirlits.

Tilboðsgjafinn og samstarfsaðilar hafa ekki, á þeim degi sem tilboðsyfirlitið er sett fram, öðlast beint eða óbeint eða tryggt sér með öðrum hætti fleiri eignarhluti í Skeljungu en hér er lýst.

3. Skilmálar tilboðsins

Hér fyrir neðan eru upplýsingar um tilboðið, skilmála þess og það ferli sem þarf að fylgja til að samþykkja tilboðið.

Félagið	Tilboð þetta nær til hluta í Skeljungu hf., kt. 590269-1749, Borgartúni 26, 105 Reykjavík. Frekari upplýsingar um Skeljung og starfsemi þess má finna á vef félagsins www.skeljungur.is .
Tilboðsgjafi	Tilboðsgjafi er hlutafélagið Strengur hf., kt. 411020-1500, til heimilis að Bræðraborgarstíg 16, 101 Reykjavík.
Tilboðshafar	Tilboði þessu er beint að öllum hluthöfum Skeljungs öðrum en Streng Holding, tilboðsgjafa og Skeljungu við lok viðskiptadags þann 4. desember 2020.
Hlutir og atkvæðisréttur tilboðsgjafa	Fyrir tilboðið fer Strengur og tengdir aðilar með eignar- og atkvæðisrétt fyrir samtals 754.539.669 hlutum í Skeljungu eða sem samsvarar 38,00% af heildarhlutafé Skeljungs, eða 38,98% af virkum atkvæðum félagsins, þ.e. þegar tekið hefur verið tillit til eigin hluta í Skeljungu.
Tilboðsverð	Hluthöfum Skeljungs er boðið 8,315 krónur fyrir hvern hlut í Skeljungu, kvaða- og veðbandslausan, en hver hlutur er að nafnvirði kr. 1,00 (ein króna). Tilboðsverðið er ákvarðað í samræmi við ákvæði 2. mgr. 103. gr. vvl. Tilboðsverðið svarar til hæsta verðs sem Strengur og samstarfsaðilar hafa greitt fyrir hluti í Skeljungu síðustu sex (6) mánuði áður en tilboðsskylda myndaðist. Tilboðsverðið er jafnframt hærra en síðasta viðskiptaverð sem skráð var í kauphöll daginn áður en skylda til að gera yfirtökutilboð myndaðist og tilkynnt var um fyrirhugað tilboð, en þann 6. nóvember 2020 var viðskiptaverð hluta í Skeljungu 7,800 krónur á hlut. Tilboðsverðið verður greitt til þeirra hluthafa Skeljungs sem hafa

	<p>samþykkt tilboðið með gildum hætti.</p> <p>Tilboðsverðið verður greitt í reiðufé.</p>
Gildistími tilboðs	<p>Gildistími yfirtökutilboðsins er fjórar (4) vikur, frá kl. 09:00 þann 6. desember 2020 til kl 16:00 þann 4. janúar 2021.</p> <p>Tilboðsgjafi áskilur sér einhliða rétt til að samþykkja þau samþykkiseyðublað sem berast eftir að gildistími tilboðsins rennur út.</p> <p>Hluthafar bera sjálfir ábyrgð á að afhenda samþykkiseyðublaðið í samræmi við tilboðsyfirlit þetta og að það berist tímanlega.</p> <p>Framlengja má yfirtökutilboðið að því marki sem heimilt er samkvæmt ákvæðum vvl. einkum 6. mgr. 103. gr., 107. gr. og 2. mgr. 108. gr. laganna.</p>
Niðurstöður tilboðs	<p>Tilkynning um niðurstöður tilboðsins verður birt í gegnum fréttakerfi Nasdaq Iceland, www.nasdaqomxnordic.com/news, og á heimasíðu Skeljungs, www.skeljungur.is, innan þriggja (3) viðskiptadaga frá lokum gildistíma tilboðsins, eða í seinasta lagi þann 7. janúar 2021, samanber 1. mgr. 109. gr. vvl.</p>
Fjármögnun tilboðsins	<p>Kaup tilboðsgjafa samkvæmt tilboði þessu eru fjármögnuð með eiginfjárframlagi og lánsfé.</p> <p>Íslandsbanki og Arion banki veita ábyrgð sem tryggir greiðslu reiðufjár til hluthafa sem samþykkja tilboðið í samræmi við skilmála þess, í samræmi við 103. gr. vvl.</p> <p>Fyrir utan framangreinda greiðsluábyrgð bera Íslandsbanki og Arion banki ekki ábyrgð á staðhæfingum sem fram koma í þessu tilboðsyfirliti eða ályktanir sem dregnar eru af slíkum upplýsingum.</p>
Samþykkisferli	<p>Þeir tilboðshafar sem vilja samþykkja tilboðið geta annars vegar fyllt út og undirritað samþykkiseyðublað, sem sent er öllum hluthöfum sem tilgreindir voru í hlutaskrá Skeljungs í lok síðasta viðskiptadegi fyrir dagsetningu þessa tilboðs, eða hins vegar samþykkt tilboðið rafrænt á vef yfirtökutilboðsins á vefslóðinni www.arionbanki.is/yfirtokutilbod-skeljungur. Hægt verður að skrá sig inn á vefslóðina með rafrænum skilríkjum.</p> <p>Útfyllt og undirritað frumrit af samþykkiseyðublaðinu skal berast Íslandsbanka, Hagasmára 3, 201 Kópavogi eigi síðar en fyrir kl. 16:00 þann 4. janúar 2021 merkt „Yfirtökutilboð í Skeljung“. Kjósi hluthafi að samþykkja tilboðið rafrænt skal rafrænt samþykki tilboðsins liggja fyrir eigi síðar en kl. 16:00 þann 4. janúar 2021.</p> <p>Samþykktareyðublaðið ásamt öðrum tengdum skjölum verða</p>

	<p>einnig aðgengileg hjá Íslandsbanka og Arion banka sem eru umsjónaraðilar með tilboðinu. Jafnframt er hægt að nálgast tilboðsyfirlitið á heimasíðu Skeljungs, www.skeljungur.is, í fréttakerfi Nasdaq Iceland og á heimasíðum Íslandsbanka og Arion banka, www.islandsbanki.is og www.arionbanki.is.</p> <p>Samþykki á tilboðinu er bindandi og óafturkræft. Þeir tilboðshafar sem hafa samþykkt tilboðið, mega ekki selja eða framselja, hvorki beint eða óbeint, hluti sína í Skeljungi til þriðja aðila.</p>
<p>Afhending og greiðsla</p>	<p>Greiðslur fyrir hluti þeirra sem samþykkja tilboðið verða greiddar í íslenskum krónum inn á þann bankareikning sem tengdur er vörslureikningi bréfanna hjá viðkomandi hluthafa.</p> <p>Greiðsla verður innt af hendi eigi síðar en fimm (5) viðskiptadögum eftir að gildistími yfirtökutilboðsins rennur út eða í seinasta lagi kl. 23:59 mánudaginn 11. janúar 2021.</p> <p>Greiðsla er háð því að i) samþykkiseyðublað hafi verið rétt fyllt út eða metið gilt af tilboðsgjafa eða hluthafi skráð samþykki sitt rafrænt á vef yfirtökutilboðsins, ii) hluthafi eigi tilgreindan vörslureikning hjá reikningsstofnun eða fjármálastofnun og iii) hlutir séu kvaða- og veðbandalausir samkvæmt vottorði yfir vörslureikning frá Nasdaq CSD á Íslandi. Tilboðsgjafi áskilur sér rétt til að fá staðfestingu á hvort kvaðir eða veðbönd séu á hlutum áður en greiðsla fer fram.</p> <p>Séu hlutir ekki kvaða- og veðbandalausir, áskilur tilboðsgjafi sér rétt til að líta svo á að fullnægjandi samþykki liggja ekki fyrir.</p> <p>Tilboðsgjafi mun fara með atkvæðisrétt yfirtekinna hluta þegar uppgjör og afhending þeirra hefur farið fram og tilboðsgjafi hefur verið skráður eigandi hlutanna í hlutaskrá Skeljungs.</p>

4. Upplýsingar um Skeljung

Skeljungur er fjölkufélag sem starfar á þremur landfræðilegum mörkuðum, á Íslandi, í Færeyjum og á N-Atlantshafinu. Skeljungur samanstendur af tveimur rótgrónum rekstrarfélögum með yfir 90 ára rekstrarsögu. Hlutverk Skeljungs er að þjóna orkuþörf einstaklinga og fyrirtækja á hagkvæman og öruggan máta í sátt við umhverfi sitt. Fjöldi stöðugilda hjá Skeljungi í árslok 2019 voru 406.

Á Íslandi er félagið rekið undir merkjum Skeljungs, Orkunnar og Kvikk og starfræktar eru 64 bensinstöðvar og fjórar birgðastöðvar. Dótturfélagið P/F Magn er með starfsemi í Færeyjum og rekur 11 smásölu- og bensinstöðvar víðsvegar um Færeyjar auk þess að reka tvær birgðastöðvar og sérhæfa sig í umhverfisvænum húshitunarlausnum. Viðskiptavinir félaganna koma úr öllum geirum samfélagsins. Viðskipti eru með hlutabréf Skeljungs á Nasdaq Iceland hf. („Nasdaq Iceland“) en þau hafa auðkennið SKEL. Hlutabréfin eru rafrænt skráð hjá Nasdaq CSD á Íslandi. Hlutabréfin hafa ISIN númerið IS0000000503.

5. Umsjónaraðilar

Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi („Íslandsbanki“) og Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík („Arion banki“) hafa verið ráðnir umsjónaraðilar með

yfirtökutilboðinu fyrir hönd tilboðsgjafa. Sameiginlega eru Íslandsbanki og Arion banki nefndir „umsjónaraðilar“ í tilboðsyfirliti þessu.

Vakin er athygli á eftirfarandi hagsmunum Íslandsbanka og Arion banka vegna Skeljungs og Strengs:

- Íslandsbanki er viðskiptabanki Skeljungs
- Íslandsbanki er lánveitandi Skeljungs
- Íslandsbanki og Arion banki eru lánveitendur Strengs vegna kaupa á bréfum í yfirtökutilboðinu
- Arion banki hefur í gildi ráðgjafasamning við Skeljung

Í tilboðsyfirliti þessu felst engin ráðgjöf af hálfu umsjónaraðilanna. Tilboðsyfirlit þetta byggir á upplýsingum frá tilboðsgjafa og opinberum upplýsingum. Umsjónaraðilar hafa ekki staðreynt eða lagt mat á réttmæti þessara upplýsinga.

Vakin er sérstök athygli tilboðshafa á því að umsjónaraðilunum er óskilyt að meta hvort viðskiptin séu viðeigandi fyrir þá og tilboðshafar njóta því ekki þeirrar verndar sem í slíku mati felst samkvæmt 16. gr. vvl. Er hluthöfum Skeljungs ráðlagt að leita sér sérfræðiaðstoðar varðandi viðskipti með hluti í tengslum við yfirtökutilboðið.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka í gegnum tölvupóstfangið skeljungur@islandsbanki.is og í síma 440-4000 og hjá Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka í gegnum tölvupóstfangið skeljungur@arionbanki.is og í síma 444-7000.

6. Framtíðaráætlanir

Samstarfsaðilarnir sem allir eru hluthafar í Skeljungi við útgáfu á tilboðsyfirliti þessu deila sameiginlegri framtíðarsýn fyrir félagið. Samstarfsaðilarnir lýstu yfir samstarfi sín á milli þann 8. nóvember 2020 og lögðu eignarhluti sína inn í félagið Streng. Þar sem sameiginlegur atkvæðaréttur samstarfsaðilanna fór yfir 30% myndaðist yfirtökuskýlda skv. 100. gr. vvl.

Tilboðsgjafi telur ljóst að rekstrarumhverfi Skeljungs komi til með að taka grundvallarbreytingum á næstu árum. Tækniþróun er hröð, rafbílum fjölgar á götunum og fyrir liggur að stjórnvöld stefna að því að auka hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum. Reykjavíkurborg hefur jafnframt þá yfirlýstu stefnu að fækka bensinstöðvum. Eldsneytissala er um 80% tekna Skeljungs og félagið því næmt fyrir fyrirséðum breytingum hvað orkuskipti varðar. Fyrir liggur að sambærilegar áskoranir eru í rekstri félagsins í Færeyjum enda eru orkuskipti einnig hafin þar sem hefur bæði áhrif á eldsneytissölu og orku til húshitunar.

Það er mat tilboðsgjafa að breyttar aðstæður kalli á áframhaldandi hagræðingu og breytingar á kjarnastarfsemi Skeljungs. Tilboðsgjafi hefur uppi áætlanir um slíka vegferð. Skeljungur þarf að auka fjölbreytni tekjustofna enda eru tækifæri félagsins til innri vaxtar takmörkuð við þessar aðstæður. Því telur tilboðsgjafi að reksturinn þurfi að styrkja með kaupum á rekstrareiningum sem skapa samlegð, eins og tækifæri gefast til. Tilboðsgjafi stefnir einnig að sölu lóða, fasteigna og rekstareininga félagsins ásamt hagræðingu starfsstöðva sem ekki falla að framtíðar kjarnastarfsemi félagsins við fyrsta tækifæri þegar markaðsaðstæður leyfa. Þá telur tilboðsgjafi litla samlegð vera á milli starfsemi Skeljungs á Íslandi og í Færeyjum sem gæti leitt af sér sölu einstakra rekstareininga í öðru eða báðum löndum. Framundan eru því óumflýjanlega breytingar hjá Skeljungi að mati tilboðsgjafa.

Íslandsbanki og Arion banki ábyrgjast yfirtökutilboð tilboðsgjafa í samræmi við 103 gr. vvl. Kaup tilboðsgjafa á hlutum í Skeljungi í yfirtökutilboðinu verða fjármögnuð með sambankaláni frá Íslandsbanka og Arion banka ásamt fjármögnun frá öðrum lánveitendum. Lántaka tilboðsgjafa ræðst af fjárhæð samþykktra tilboða hjá öðrum hluthöfum Skeljungs samkvæmt yfirtökutilboðinu. Athygli er vakin á því að endurgreiðsluferli lána tilboðsgjafa gerir ráð fyrir sölu lóða, fasteigna og rekstrareininga Skeljungs á næstu misserum og í því tilliti er jafnframt gert ráð fyrir að fjármunum verði í auknu mæli úthlutað til hluthafa með arðgreiðslum eða lækkun hlutafjár félagsins, og þar með minnka efnahagsreikning félagsins.

Það er mat tilboðsgjafa að nauðsynlegar hagræðingaraðgerðir og endurskipulagning í rekstri Skeljungs geti valdið sveiflum í afkomu til millilangs tíma. Auk þess telur tilboðsgjafi að skráning félagsins á skipulegum verðbréfamarkaði skapi óhagræði. Beinn kostnaður félagsins sem má rekja til skráningar þess á verðbréfamarkað er áætlaður um 8% af hagnaði. Auk þess mun efnahagsreikningur félagsins dragast saman á næstu misserum við mögulega sölu eigna eða rekstrareininga gangi áætlun tilboðsgjafa eftir.

Flot á hlutabréfum félagsins hefur minnkað jafnt og þétt samhliða kaupum tilboðsgjafa á hlutum í félaginu. Komi til þess að hlutafé í félaginu safnist á enn færri hendur er það líklegt til að hafa neikvæð áhrif á seljanleika bréfanna.

Tilboðsgjafi telur í ljósi þeirra breytinga og áskoranna sem félagið stendur frammi fyrir að því sé betur farið utan verðbréfamarkaðar og áformar að afskrá félagið af skipulegum verðbréfamarkaði þegar tækifæri gefst til. Tilboðsgjafi telur að framtíðarsýn Skeljungs á tímum sem þessum sé best borgið í höndum samstillts hluthafahóps sem getur tekið skjótar ákvarðanir.

7. Skýrsla stjórnar

Í samræmi við 5. og 6. mgr. 104. gr. vtl. skal stjórn Skeljungs semja og gera opinbera sérstaka greinargerð þar sem fram kemur rökstutt álit stjórnarinnar á tilboðinu og skilmálum þess. Skal greinargerðin birt a.m.k. viku áður en tilboðstíma lýkur, sbr. 8. mgr. 104. gr. vtl. Hver stjórnarmaður skal einnig gera grein fyrir því hvort hann og aðilar honum fjárhagslega tengdir hyggist samþykkja tilboðið. Ef stjórninni berst tímanlega álit frá fulltrúum starfsmanna á því hvaða áhrif tilboðið hafi á störf starfsmanna fyrirtækisins ber stjórninni að láta það álit fylgja með greinargerð sinni.

Séu stjórnarmenn, eða aðilar í samstarfi við þá samkvæmt 100. gr. vtl., aðilar að tilboði eða vanhæfir að öðru leyti til að fjalla um tilboð, og það leiðir til þess að stjórn er ekki ályktunarhæf, ber stjórninni samkvæmt 7. mgr. 104. gr. sömu laga að láta óháð fjármálafyrirtæki meta tilboðið og skilmála þess.

8. Samþykki yfirtökutilboðs

Hluthafi sem vill samþykkja yfirtökutilboðið:

- skal annað hvort skila frumriti af rétt útfylltu samþykkiseyðublaði, sem er meðfylgjandi þessu tilboðsyfirliti, á skrifstofu Íslandsbanka (9. hæð), Hagasmára 3, 201 Kópavogi, merkt „Yfirtökutilboð í Skeljung“ eða hins vegar samþykkja tilboðið rafrænt á vef yfirtökutilboðsins á vefslóðinni www.arionbanki.is/yfirtokutilbod-skeljungur með því að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum; og
- skal greiða þóknun í samræmi við gjaldskrá viðkomandi reikningsstofnunar vegna afhendingar og framsals hluta af vörslureikningi hluthafans. Reikningsstofnun hluthafa kann að vera heimilt að halda eftir þóknun vegna afhendingar og framsals hlut af vörslureikning hluthafans.

Liggi samþykki hluthafa ekki fyrir rafrænt fyrir 16:00 þann 4. janúar 2021, þá verður réttilega útfyllt frumrit samþykkiseyðublaðs tilboðsins að hafa borist Íslandsbanka innan fyrrnefndra tímamarka. Hluthafi er ábyrgur fyrir því að koma frumriti samþykkiseyðublaðsins til Íslandsbanka (9. hæð) að Hagasmára 3, 201 Kópavogi.

Þar sem hlutir í Skeljungi eru rafrænt skráðir hjá Nasdaq CSD á Íslandi er nauðsynlegt fyrir þá hluthafa Skeljungs sem samþykkja tilboðið að eiga vörslureikning hjá reikningsstofnun eða fjármálastofnun sem hefur gert samning um aðild að Nasdaq CSD á Íslandi. Eigi hluthafinn ekki vörslureikning, felur samþykki þetta í sér heimild til Íslandsbanka og Arion banka að hafa samband við hluthafann vegna stofnunar vörslureiknings svo unnt verði að framselja og flytja hlutina og viðhafa aðrar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru vegna framsalsins. Í samþykki hluthafa felst jafnframt heimild til Íslandsbanka og Arion banka, eigi hluthafi vörslureikning hjá annarri reikningsstofnun en Íslandsbanka og Arion banka, að senda samþykkiseyðublaðið eða staðfestingu á rafrænu samþykki til viðeigandi reikningsstofnunar til að láta framkvæma viðskiptin.

Þegar yfirtökutilboðið hefur verið samþykkt, í gegnum rafræna leið eða með innsendingu á frumriti, þá er viðkomandi hluthafa óheimilt að ráðstafa hlutum sínum í Skeljungi með beinum eða óbeinum hætti til þriðja

aðila. Sérhvert samþykki yfirtökutilboðsins er skuldbindandi og óafturkallanlegt. Tilboðsgjafi áskilur sér einhliða rétt til að ákveða hvort samþykkiseyðublað, sem ekki hefur verið fyllt út á réttan hátt, feli engu að síður í sér samþykki á tilboðinu.

Komi fram samkeppnistilboð frá þriðja aðila og það gert opinbert fyrir lok tilboðstímabilsins er hluthöfum sem hafa tekið þessu yfirtökutilboði heimilt að afturkalla samþykki sitt með því að senda bréf með sannanlegum hætti þess efnis á skrifstofu Íslandsbanka, Hagasmára 3, 201 Kópavogi merkt „Yfirtökutilboð í Skeljung“, innan fimm (5) viðskiptadaga frá því tilkynning um samkeppnistilboð kom fram.

9. Upplýsingaskylda

Að neðan er að finna samantekt á tilkynningum sem Skeljungur hefur birt í fréttakerfi Nasdaq Iceland og á vef sínum, www.skeljungur.is, á tímabilinu frá 1. janúar 2020 og til og með þess dags sem tilboðsgjafi lýsti yfir að hann myndi leggja fram tilboð þetta (9. nóvember 2020):

1	30.1.2020	Skeljungur hf.: Auglýsing frá tilnefningarnefnd um framboð til stjórnar Skeljungs hf.
2	6.2.2020	Skeljungur hf.: Skeljungur birtir ársuppgjör 2019 fimmtudaginn 13. febrúar - kynningarfundur 14. febrúar kl. 8:30
3	13.2.2020	Skeljungur hf.: Ársuppgjör 2019
4	13.2.2020	Skeljungur hf.: Aðalfundur 5. mars 2020
5	18.2.2020	Skeljungur hf.: Viðskipti fjárhagslega tengds aðila
6	20.2.2020	Skeljungur hf.: Aðalfundur 5. mars 2020 - Endanlegar tillögur og dagskrá
7	28.2.2020	Skeljungur hf.: Viðskipti fjárhagslega tengds aðila
8	2.3.2020	Skeljungur hf.: Framboð til stjórnar og tilnefningarnefndar – Aðalfundur 5. mars 2020
9	3.3.2020	Skeljungur hf.: Nýir samningar um viðskiptavakt við Íslandsbanka hf. og Arion banka hf.
10	5.3.2020	Skeljungur hf.: Niðurstöður aðalfundar Skeljungs 2020
11	12.3.2020	Skeljungur hf.: Breytingar á viðskiptavakt vegna óviðráðanlegra atvika
12	12.3.2020	Skeljungur hf.: Breytingar á viðskiptavakt vegna sérstakra aðstæðna
13	18.3.2020	Skeljungur hf.: Ákvörðun um framkvæmd endurkaupaáætlunar
14	19.3.2020	Skeljungur hf.: Lækkun hlutfjár
15	19.3.2020	Skeljungur hf.: Flöggun eigin hluta
16	19.3.2020	Skeljungur hf.: Flöggun - Stefnir hf.
17	20.3.2020	Skeljungur hf.: Flöggun - Arion banki hf.
18	20.3.2020	Skeljungur hf.: Flöggun - Gildi lífeyrissjóður
19	26.3.2020	Skeljungur hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun
20	31.3.2020	Skeljungur hf.: Flöggun - Íslandsbanki hf.
21	2.4.2020	Skeljungur hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun
22	3.4.2020	Skeljungur hf.: Flöggun - RES II ehf.
23	6.4.2020	Skeljungur hf.: Flöggun - Arion banki hf.
24	8.4.2020	Skeljungur hf.: Flöggun - Íslandsbanki hf.

25	8.4.2020	Skeljungur hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun
26	16.4.2020	Skeljungur hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun
27	21.4.2020	Skeljungur hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun – kaupum samkvæmt endurkaupaáætlun lokið
28	28.4.2020	Skeljungur hf.: Uppgjör 1. ársfjórðungs 2020 birt þriðjudaginn 5. maí – kynningarfundur haldinn 6. maí kl. 8:30
29	5.5.2020	Skeljungur hf.: Hagnaður 159 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi 2020
30	18.5.2020	Skeljungur hf.: Flöggun - Íslandsbanki hf.
31	27.5.2020	Skeljungur hf.: Hendrik Egholm forstjóri P/F Magn, dótturfélags Skeljungs, segir starfi sínu lausu
32	2.6.2020	Skeljungur hf.: Breytingar á skilmálum viðskiptavaka
33	8.6.2020	Skeljungur hf.: Breytingar á skilmálum viðskiptavaka
34	30.7.2020	Skeljungur hf.: Finn Jakobsen ráðinn sem forstjóri P/F Magn, dótturfélags Skeljungs í Færeyjum
35	5.8.2020	Skeljungur hf.: Uppgjör 2. ársfjórðungs 2020 birt miðvikudaginn 12. ágúst – kynningarfundur haldinn 13. ágúst kl. 8:30
36	12.8.2020	Skeljungur hf.: Hagnaður 274 milljónir króna á fyrri árshelmingi 2020
37	20.8.2020	Skeljungur hf.: Flöggun - Íslandsbanki hf.
38	20.8.2020	Skeljungur hf.: Viðskipti fjárhagslega tengds aðila
39	27.8.2020	Skeljungur hf.: Viðskipti fruminnherja
40	8.9.2020	Skeljungur hf.: Karen Rúnarsdóttir ráðin sem framkvæmdastjóri einstaklingssviðs Skeljungs
41	8.10.2020	Skeljungur hf.: Ákvörðun um framkvæmd endurkaupaáætlunar
42	9.10.2020	Skeljungur hf.: Skeljungur hf.: Flöggun - Íslandsbanki hf.
43	15.10.2020	Skeljungur hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun
44	21.10.2020	Skeljungur hf.: Uppgjör 3. ársfjórðungs 2020 birt miðvikudaginn 28. október – Vefstreymi fyrir markaðsaðila 29. október kl. 8:30
45	22.10.2020	Skeljungur hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun
46	23.10.2020	Skeljungur hf.: Flöggun - Arion banki hf.
47	28.10.2020	Skeljungur hf.: Hagnaður 470 milljónir króna á þriðja ársfjórðungi 2020
48	29.10.2020	Skeljungur hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun
49	2.11.2020	Skeljungur hf.: Flöggun - Arion banki hf.
50	5.11.2020	Skeljungur hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun
51	9.11.2020	Skeljungur hf.: Tilkynning um samstarf og fyrirhugað yfirtökutilboð
52	9.11.2020	Skeljungur hf.: Flöggun - Strengur ehf.

10. Valdar fjárhagsupplýsingar

Þann 13. febrúar 2020 birti Skeljungur ársreikning samstæðu árið 2019. Hægt er að nálgast eintak af ársreikningi samstæðu á heimsíðu Skeljungs., www.skeljungur.is, og heimasíðu Nasdaq Iceland hf., <http://www.nasdaqomxnordic.com/>.

Hér að neðan er að finna rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi Skeljungs á árinu 2019.

Rekstrarreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	2019	2018
Sala	8	51.181	47.619
Kostnaðarverð seldra vara	9	(42.477)	(39.810)
Framlegð.....		8.703	7.809
Aðrar rekstrartekjur	10	243	328
Laun og launatengd gjöld	11	(2.788)	(2.122)
Sölu- og dreifingarkostnaður	12	(2.159)	(2.180)
Annar rekstrarkostnaður	13	(577)	(575)
		(5.525)	(4.876)
Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA).....		3.422	3.261
Afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna	19	(1.093)	(888)
Hagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT).....		2.329	2.373
Fjármunatekjur	15	29	40
Fjármagnsgjöld	16	(460)	(467)
		(430)	(427)
Áhrif hlutdeildarfélaga	22	(132)	(12)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		1.767	1.935
Tekjuskattur	16	(358)	(361)
Hagnaður ársins		1.409	1.573
Skipting hagnaðar			
Eigendur móðurfélags		1.372	1.567
Minnihluti í dótturfélögum		37	6
		1.409	1.573
Hagnaðarhlutur:			
Hagnaður á hlut	28	0,70	0,76
Þynntur hagnaður á hlut	28	0,70	0,76

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
Fastafjármunir			
Viðskiptavild	17	3.545	3.333
Aðrar óefnislegar eignir	18	647	691
Rekstrarfjármunir	19	12.299	10.385
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	22	409	540
Langtímakröfur		0	1
Fastafjármunir		<u>16.900</u>	<u>14.949</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	24	3.313	4.491
Viðskiptakröfur	25	3.608	4.266
Aðrar skammtímakröfur	26	133	226
Handbært fé		506	818
Veltufjármunir		<u>7.561</u>	<u>9.802</u>
Eignir samtals		<u>24.461</u>	<u>24.751</u>
Eigið fé			
Hlutafé		1.986	2.053
Yfirverðsreikningur hlutafjár		3.210	3.210
Bundnir eiginfjárreikningar		1.597	819
Óráðstafað eigið fé		2.837	2.764
Eigið fé hluthafa móðurfélags	27	<u>9.629</u>	<u>8.847</u>
Hlutdeild minnihluta		193	157
Eigið fé samtals		<u>9.823</u>	<u>9.004</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Tekjuskattsskuldbinding	29	403	671
Leiguskuldbindingar	5	1.392	0
Skuldir við lánastofnanir	30	5.481	5.613
Langtímaskuldir og skuldbindingar		<u>7.276</u>	<u>6.284</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	30	503	3.579
Viðskiptaskuldir		2.851	2.018
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	30	544	460
Næsta árs afborganir af leiguskuldbindingum	5	208	0
Skuldir við tengd félög	34	16	13
Tekjuskattur til greiðslu	16,29	326	371
Aðrar skammtímaskuldir	31	2.914	3.022
Skammtímaskuldir		<u>7.362</u>	<u>9.463</u>
Skuldir samtals		<u>14.638</u>	<u>15.747</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>24.461</u>	<u>24.751</u>

Sjóðstreymisýfirlit 31. desember 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		1.409	1.567
Leiðrétt fyrir:			
Afskriftir	19	1.093	888
Áhrif hlutdeildarféлага	22	132	12
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	15	402	405
Söluhagnaður eigna	(6)	(105)
Tekjuskattur	16	357	361
Veltufé frá rekstri án vaxta og tekjuskatts		<u>3.386</u>	<u>3.127</u>
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, breyting		1.432	(1.506)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting		805	(617)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting		(207)	(139)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>2.030</u>	<u>(2.262)</u>
Innborgaðar vaxtatekjur		29	23
Greidd vaxtagjöld	(438)	(444)
Greiddur tekjuskattur	(435)	(274)
Handbært fé frá rekstri		<u>4.573</u>	<u>171</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	19	(711)	(843)
Söluverð rekstrarfjármuna		27	25
Fjárfesting í dótturfélögum	(47)	(41)
Fjárfest í hlutdeildarfélögum	(45)	0
Arður frá hlutdeildarfélögum		44	0
Verðbréf, breyting		16	(5)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(716)</u>	<u>(865)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgun hlutafjár minnihluta í dótturfélagi		0	25
Kaup á eigin bréfum	(549)	(169)
Afborganir langtímaskulda og leigusamninga	(2.480)	(246)
Tekin ný langtímalán		1.945	625
Greiddur arður		0	(500)
Greiddur arður til minnihluta		0	(205)
Skuld við tengd félög		16	0
Handbært fé frá félagi í samstæðu		78	0
Skammtímalán, breyting	(3.188)	1.534
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(4.178)</u>	<u>1.064</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(321)	370
Handbært fé í byrjun árs		818	428
Gengismunur á handbæru fé		10	19
Handbært fé í lok ársins		<u>506</u>	<u>818</u>
Fjárfestingar og fjármögnun án greiðsluáhrifa:			
Söluverð rekstrarfjármuna		0	122
Fjárfesting í rekstrarfjármunum		219	0
Fjárfest í hlutdeildarfélögum		0	(122)
Hækkun skammtímaskulda	(219)	0

11. Hlutfé

Útgefið hlutfé Skeljungur er að nafnverði 1.985.675.666 krónur, sem skiptist í jafnmarga einnar krónu hluti. Skeljungur á 49.641.892 eigin hluti. Þann 24. nóvember 2020 voru hluthafar Skeljungur 689 talsins.

Hér að neðan má finna lista yfir 20 stærstu hluthafa Skeljungur, eins og listinn birtist á vefsíðu Skeljungur, www.skeljungur.is, þann 24. nóvember 2020:

#	Nafn hluthafa	% af heild	Nafnverð hluta
1.	Gildi - lífeyrissjóður	9,8%	194.485.743
2.	RES II ehf.	9,3%	183.750.000
3.	Kvika banki hf.	9,2%	182.508.162
4.	Arion banki hf.	8,3%	165.733.874
5.	Frjálsi lífeyrissjóðurinn	8,2%	163.481.135
6.	Birta lífeyrissjóður	7,1%	141.602.167
7.	365 hf.	4,7%	93.000.000
8.	Íslandsbanki hf.	4,5%	89.428.308
9.	Festa - lífeyrissjóður	3,9%	78.378.267
10.	Stapi lífeyrissjóður	3,4%	67.080.714
11.	Lífsverk lífeyrissjóður	3,1%	61.817.003
12.	Stefnir - ÍS 15	2,8%	55.252.400
13.	Skeljungur hf.	2,5%	49.641.892
14.	Stefnir - ÍS 5	2,2%	44.456.053
15.	RPF ehf.	1,6%	32.000.000
16.	Fagfjárfestastjóðurinn TRF	1,4%	27.297.752
17.	Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	1,3%	24.953.154
18.	Eftirlaunasj atvinnuflugmanna	1,2%	24.081.086
19.	Júpíter - Innlend hlutabréf	1,2%	23.818.730
20.	RES 9 ehf.	1,1%	22.366.379

12. Erlendir hluthafar

Þessum kafla tilboðsýfirlitsins er sérstaklega beint að þeim hluthöfum Skeljungur sem eru ríkisborgarar eða íbúar utan Íslands eða sem halda á hlutabréfum fyrir slíka ríkisborgara eða íbúa og að öðrum aðilum (þ. á m. vörsluaðilum og fjárvörsluaðilum) sem kann að vera skylt að áframsenda skjöl í tengslum við yfirtökutilboðið utan Íslands.

Athygli er vakin á því á að heimildir til útgáfu, birtingar og/eða dreifingar tilboðsýfirlits þessa kunna lögum samkvæmt að vera takmarkaðar í einstökum ríkjum. Aðgangur að yfirtökutilboðinu kann því að vera takmarkaður fyrir þá hluthafa sem búa ekki á Íslandi, vegna þeirrar lögsögu sem þeir tilheyra.

Tilboðinu er ekki, og verður ekki, beint eða óbeint, beint til aðila í lögsögu þar sem slíkt er óheimilt samkvæmt viðeigandi löggjöf viðkomandi lögsögu. Tilboðsýfirlit þetta, samþykkiseyðublað og önnur skjöl tengd yfirtökutilboðinu verða ekki, og mega ekki verða, beint eða óbeint, með hvaða hætti sem er (þ. á m. tölvupósti, pósti, símbréfi, síma, með netinu eða annarri rafrænni miðlun), útgefin, send eða með öðrum hætti afhent til, innan eða frá lögsögu ef slíkt fer gegn viðeigandi löggjöf í viðkomandi lögsögu. Hlutaðeigandi

hluthafar eða umboðsaðilar þeirra geta ekki samþykkt yfirtökutilboðið, nema tilboðsgjafi ákveði annað sérstaklega og slíkt sé heimilt samkvæmt viðeigandi löggjöf. Ef hluthafar í Skeljungu eru í vafa um ofangreint er þeim bent á að ráðfæra sig við óháðan fagaðila í viðkomandi lögsögu. Hvorki tilboðsgjafi né Skeljungur bera ábyrgð á brotum annarra aðila gegn framangreindu.

Það er á ábyrgð allra hluthafa, sem búsettir eru erlendis og vilja taka tilboðinu, að ganga úr skugga um að slíkt samþykki sé í fullu samræmi við þau lög og reglur sem gilda í viðkomandi ríki í tengslum við yfirtökutilboðið, þ. á m. að aflað verði nauðsynlegra leyfa opinberra aðila og annarra stofnana, eftir því sem við getur átt, eða hvers konar gjöld og skattar í viðkomandi lögsögu verði greidd. Erlendir hluthafar skulu vera ábyrgir fyrir greiðslu allra slíkra gjalda og skatta og skulu slíkir erlendir hluthafar halda tilboðsgjafa (þ.m.t. aðilum sem starfa í umboði hans) skaðlausum vegna hvers konar gjalda, skatta eða krafna sem kann að þurfa að greiða vegna tilboðsins eða samþykkis þess af hálfu viðkomandi hluthafa.

13. Ógilding eða afturköllun tilboðs

Samkvæmt 106. gr. vvl. fellur tilboð úr gildi ef lagaleg atriði réttlæta það eða viðurkenning stjórnvalda sem telja verður nauðsynlega til þess að eigendaskipti geti orðið að hlutunum liggur ekki fyrir þegar gildistíma tilboðs lýkur eða þeim hefur verið hafnað á gildistíma tilboðs.

Að öðru leyti en að framan greinir er yfirtökutilboðið ekki háð skilyrðum og verður ekki afturkallað af hálfu tilboðsgjafa nema að uppfylltum skilyrðum 105. gr. vvl.

14. Breytingar á tilboðsyfirlitinu

Ef tilboðsgjafi gerir einhverjar breytingar á skilmálum þessa yfirtökutilboðs, eins og þeir eru tilgreindir í þessu tilboðsyfirliti, munu þær breytingar birtar opinberlega í samræmi við 3. mgr. 107. gr. og 114. gr. vvl.

15. Ýmislegt

Tilboðsyfirlitið hefur verið unnið á grundvelli (i) upplýsinga sem Skeljungur hefur birt opinberlega eða hafa verið gerðar opinberar með öðrum hætti og (ii) upplýsinga frá tilboðsgjafa og samstarfsaðila. Tilboðsgjafi getur ekki borið ábyrgð á nákvæmni eða áreiðanleika upplýsinga í lið (i). Tilboðsgjafi ber jafnframt ekki ábyrgð ef Skeljungur hefur ekki sinnt viðvarandi upplýsingaskyldu sinni varðandi atriði sem kunna að hafa áhrif á mikilvægi eða áreiðanleika upplýsinga sem fram koma í þessu tilboðsyfirliti.

Tilboðshöfum er bent á að viðskipti eru með hlutabréf Skeljungs á Nasdaq Iceland. Í samræmi við 122. gr. vvl. ber Skeljungu að tilkynna þegar í stað allar þær innherjaupplýsingar sem varða félagið til kauphallar. Kauphöll skal miðla þeim upplýsingum í upplýsingakerfi sínu og teljast upplýsingarnar opinberar þegar þeim hefur verið miðlað þaðan. Að því loknu skal félagið birta innherjaupplýsingarnar á heimasíðu sinni.

Tilboðshafar eru hvattir til þess að kynna sér allar fréttir og tilkynningar um Skeljung, sem hafa verið eða verða birtar á fréttasiðu Nasdaq Iceland, <http://www.nasdaqomxnordic.com/news>, og/eða á heimasíðu Skeljungs, www.skeljungur.is frá útgáfu tilboðsyfirlitsins og út gildistíma tilboðsins.

Tilboðsyfirlitið kann að innihalda upplýsingar um framtíðarmálefni eða -atburði, þar með talið yfirlýsingar um framtíðarniðurstöður, vöxt eða aðrar spár um þróun og ávinning í tengslum við tilboðið. Eðli málsins samkvæmt eru slíkar upplýsingar háðar áhættu og óvissu þar sem þær varða framtíðar atburði og aðstæður. Það er engin víska fyrir því að slíkar upplýsingar verði að endingu réttar enda háðar ýmsum forsendum sem margar hverjar eru ekki á forræði tilboðsgjafa.

Umsjónaraðilar og tilboðsgjafi hvetja tilboðshafa til að leita sér ráðgjafar sérfræðinga vegna þessa tilboðsyfirlits. Samþykki á þessu tilboði kann að hafa í för með sér skattalegar afleiðingar og slíkar afleiðingar kunna að vera mismunandi milli tilboðshafa. Hlutir í Skeljungu eru andlag skattlagningar líkt og greinir í lögum um tekjuskatt nr. 90/2003. Hluthöfum sem búsettir eru erlendis er sérstaklega bent á að leita sér skattaráðgjafar bæði hvað snertir íslenskan rétt sem og þann rétt sem þeir eru undirorpnir hverju sinni.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur staðfest þetta tilboðsyfirlit í samræmi við 2. mgr. 113. gr. vvl.

16. Lög og lögsaga

Um tilboðsyfirlitið, samþykkiseyðublaðið og alla samninga og samskipti milli tilboðsgjafans, umsjónaraðilanna og hluthafa í tengslum við yfirtökutilboðið gilda íslensk lög. Allan ágreining sem kann að rísa um efni og framkvæmd yfirtökutilboðsins skal bera undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

Reykjavík, 6. desember 2020

Tilboðsgjafi
Strengur hf.

Umsjónaraðilar

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf.



Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf.

